

Alþingi
Erindi nr. P 139/825
komudagur 8.12.2010



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 08.12.2010
Tilv. 0015/2010 - 60.12

Við er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál.

Fiskistofa þakkar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar. Umsögn Fiskistofu er eftirfarandi:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leyfisveitingar til skeldýraræktar verði á hendi Matvælastofnunar og vill Fiskistofa benda á að það getur haft í för með sér flóknari og ómarkvissari stjórnýslu og eftirlit en vera myndi ef Fiskistofa annaðist þessar leyfisveitingar eins og leyfisveitingar til fiskeldis. Einnig skal þess getið að þær sömu gerðir EES-samningsins sem varða fiskeldi, og Ísland er skuldbundið til að fara eftir, gilda um þessar atvinnugreinar. Í EC reglugerð No 762/2008, sem fjallar um skil á hagtölum og tölfræði um eldi, er gert ráð fyrir að skilað sé árlega framleiðsluskýrslu fyrir allt eldi, án tillits til hvort um ræðir nytjastofna sjávar, ferskvatnseldi, skeldýrarækt eða annað. Verði frumvarp þetta að lögum getur því orðið erfiðara að innleiða gerðirnar með sömu stjórnvaldsreglum ef fiskeldi og skeldýrarækt eru aðgreind með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Við breytinguna mun Matvælastofnun skila framleiðslutölum og verðmætum fyrir skeldýrarækt og Fiskistofa framleiðslutölum fyrir fiskeldi til Hagstofnunar.

Samkvæmt ákvæði í 4. gr. ber Fiskistofu að hafa eftirlit með því að veiðar á skeldýrum séu einungis stundaðar á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og upplýsa Matvælastofnun um atriði sem varða veiðar skeldýra á hverjum tíma, svo sem hvaða aðilar stundi veiðarnar, aflabrogð og hvar skeldýranna er aflað. Af þeim sökum er mikilvægt að tryggja að Matvælastofnun tilkynni Fiskistofu um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa sem fjallað er um í 7. og 9. grein laganna.

5. gr. Svæðaskipting starfsemi

Að mati Fiskistofu er nauðsynlegt að setja reglur um skipulag hvers konar nýtingar strandsvæða þar sem tekið er tillit til þeirra fjölmörgu mismunandi hagsmuna þeirra sem vilja nýta strandsvæði með einum eða öðrum hætti svo sem landeigendur, eigendur sumar- eða heilsárhúsa, eigendur netlaga, æðarfuglabændur, veiðirétthafar fiska, rækju, villtra skel- eða skrápdyra, aðrir sjófarendur, lax- eða silungseldismenn, þorskeldismenn, kræklingaeldismenn, fuglaskoðarar, þara- eða þörunganytingarmenn, orkunýtingarmenn og ferðamenn. Þess vegna getur verið of þröngt að ákvörðun ráðherra um svæðaskiptingu byggist eingöngu á vistfræðilegum eða hagrænum rökum.

Í 5. gr. kemur fram að ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða. Fiskistofa telur all sérstakt að stjórnvaldi, öðru en því sem ætlað er að fara með stjórnslu í málaflokknum skv. frumvarpinu, sé ætlað að annast gerð og vörslu gagnagrunnsins. Fiskistofa gerir þó ráð fyrir að sú tillaga byggist á veigamiklum rökum. Verði Fiskistofu falið umrætt verkefni er mjög mikilvægt að stofnuninni sé tryggt nægilegt fé til að gera grunninn og halda honum við, en það kostar óhjákvæmilega umtalsverða vinnu hjá forriturum og því starfsfólki sem fær það verkefni að halda grunninum við og tryggja með því að hann verði eins réttur og kostur er. Það er augljóslega mikilvægt til að stjórnvöld og hagsmunaaðilar geti á honum byggt við undirbúning og töku upplýstra ákvarðana varðandi nýtingu strandsvæða til ræktunar skeldýra og annarrar athafnasemi og mannvirkja.

7. gr. Tilraunaleyfi

Í greininni segir að leyfishafi skuli árlega skila Matvælastofnun skýrslu um skeldýraræktun auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina. Fiskistofa vill vekja athygli á að reynsla stofnunarinnar af innheimtu upplýsinga hefur sýnt að úrræði til að knýja á um skil eru frekar haldlítill og kunna jafnframt að vera úr hófi miðað við tilefnið, s.s. að svipta aðila leyfi vegna vanskila um skemmri tíma. Þá eru kærur til lögreglu ekki líklegar til árangurs vegna brota á skilaskyldu. Því vill Fiskistofa vekja athygli á því að það kann að vera skilvirkara að Matvælastofnun fái heimild til að leggja á dagsektir til að knýja á um skýrsluskil.

9. gr. Ræktunarleyfi

Í 9. gr. eru taldir upp umsagnaraðilar og er þeim ætlað veita umsögn um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Hvað varðar umsagnir leggur Fiskistofa til að sveitastjórnnum verði heimilt að fjalla, í víðara samhengi en gefið er til kynna í greininni, um leyfisveitingar til skeldýraræktunar í heimabyggð enda er umsögn viðkomandi sveitafélags ætlað að tryggja aðkomu þess að þeim stjórnsluákvörðunum sem meðal annars varða svæðaskiptingu strandarinnar, staðsetningu ræktunarstarfssemi og útgáfu ræktunarleyfa til skeldýraræktar. Það getur skipt sveitarfélög og íbúa þeirra miklu máli hvort starfsemi á borð við kræklingarækt er leyfð við strönd eða á fjörðum í sveitarfélögum og af þeirri ástæðu nauðsynlegt, að mati Fiskistofu, að tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um það.

Jafnframt væri eðlilegt, miðað við markmið og starfsemi Fiskistofu, að stofnuninni væri heimilt að fjalla um umsóknir til tilrauna/ræktunarleyfa á breiðari grundvelli en gert er ráð fyrir í 7. og 9. greininni.

Að öðru leyti gerir Fiskistofa ekki athugasemdir við þskj. 218 – 201. mál.

F. h. Fiskistofu

Eypór Björnsson
fiskistofustjóri